

Siglingastofnun Íslands  
Sigurður Sigurðarson  
Vesturvör 2  
200 Kópavogur

2003010066  
5611; 9310

Reykjavík, 7. febrúar 2003  
/--

### **Efni: Sjóvarnir við Kálfshamarsvík og Víkur, Skagabyggð. Ákvörðun um matsskyldu**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 21. janúar 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð sjóvarna við Kálfshamarsvík og Víkur, Skagabyggð, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skagabyggðar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Skagabyggð með bréfi dags. 29. janúar 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 4. febrúar 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 30. janúar 2003. Svör bárust frá framkvæmdaraðila, í tölvupósti dags. 6. febrúar 2003.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Í Kálfshamarsvík er um að ræða framhald sjóvarnar í átt að Kálfshamarsnesi. Lengd hennar verður um 70 m og efnispörf (kjarni og flokkað grjót) um 900 m<sup>3</sup>. Í Kálfshamarsnesi er viti og liggur háspennustrengur fram að vitanum, einnig eru þarna sérstakar stuðlabergsmyndanir. Efni verður tekið úr opinni námu í svokölluðum Hvammskotsbruna.

Við Víkur er nokkuð langur rofbakki þar sem sjórinn brýtur úr túni og eru sögunarhús og fjárhús nálægt bakkanum. Gert er ráð fyrir að setja sjóvörn við húsin. Um 40 m grjótvörn við sögunarhúsið, upp við bakkann og um 60 m langa sjóvörn við fjárhúsin. Heildarlengd sjóvarna er um 100 m og efnispörf (kjarni og flokkað grjót) um 1100 m<sup>3</sup>. Efni verður tekið á svæði við Digramúla en þar hefur efni verið tekið áður til sjóvarnagerðar.

### **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

Sveitarstjórn Skagabyggðar telur að um litlar framkvæmdir sé að ræða, til verndar náttúru og mannvirkjum, er falli vel að landslagi og ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum.

Fornleifavernd ríkisins bendir á að ekki sé vitað um neinar fornleifar á framkvæmdasvæðunum og því sé ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur framkvæmdirnar ekki valda verulegum umhverfisáhrifum.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða sjóvarnir á um 70 m kafla í Kálfshamarsvík og 100 m kafla í Víkum, Skagabyggð. Framkvæmdirnar eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir mun taka til afmarkaðs svæðis og munu ekki hafa rask á fornminjum eða náttúruminum í för með sér.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvarnir í Kálfshamarsvík og Víkum, Skagabyggð, séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Skagabyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og þarf sveitarstjórn að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 10. mars 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Skagabyggð, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun